

14. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis. Haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 28. nóvember kl. 20.30.

Mætt: Aðalgeir, Aðalbjörn, Bryndís Elfa og Ingibjörg

1. Farið var yfir síðasta fund og fundarmenn voru sammála um að hann var góður og að gagnlegar upplýsingar hafi komið fram.
2. Rætt um áframhaldandi vinnu við að fá tilboð í hraðakassa/skilti og kostunaraðila. Slíkt tæki yrði eign hverfisins. Einnig var rætt um hinar leiðirnar t.þ.a. auka ferðaöryggi, þ.e. merkja börn betur og fleira. Ákveðið var að leita ýmissa leiða og kynna síðan fyrir hverfisbúum.
3. Ingibjörg sagði frá fundi sem formenn hverfisnefndanna hafa átt og fundi sem þeir áttu með bæjarritara og tengilið bæjarins við nefndirnar. Rætt var um samþykkt fyrir hverfisráð Hríseyjar og lögðu Lunda- gerðanefndarmenn áherslu á sjálfstæði hverfisnefndarinnar. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að nefndin hefði skilgreindan aðgang að bæjarkerfinu.
4. Tekið var fyrir bréf frá verkefnastjóra umhverfismála þar sem fram kemur að umhverfisnefnd býður hverfisnefndum að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Umhverfisnefnd hefur gert bókun um það að fulltrúar hverfisnefnda fái aðgang að nefndinni undir sérstökum lið. Hverfisnefndin fagnar þessu erindi.

Fundi slitið kl. 21.45.

Bryndís Elfa